

REGLUGERÐ

um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem í veiðarfæri kemur. Þó er þeim aðilum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu, sem er lifandi í netum þegar þau eru dregin.

2. gr.

Heimilt er að varpa fyrir borð verðlausum fiski, innyflum, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skylt að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsahrogn og alla lifur sem til fellur. Þó er skipum sem vinna afla um borð, skylt að hirða og koma með að landi alla lifur frá og með 1. september 2012. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi hausa og allan afskurð sem fellur til við vinnslu á makríl og íslenskri sumargotssíld. Jafnframt er skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu-, karfa- og ufsaflökum um borð í skipum sem vinna afla um borð.

Frá og með 1. febrúar 2012 er skipum sem vinna afla um borð skylt að hirða og koma með að landi 50% af öllum þorsk-, karfa- og grálúðuhousum og frá og með 1. september 2012 skal koma með alla hausa og hryggi sem til fellur um borð í skipum sem vinna afla um borð.

Ennfremur skal við hrognkelsaveiðar koma með öll hrognkelsi að landi.

3. gr.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins. Þessum afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 2011 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 601, 8. ágúst 2003, um nýtingu afla og aukaafurða.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. júlí 2011.

Jón Bjarnason.

Jóhann Guðmundsson.